

Stjórnarfundur 303

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
22.10.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 303
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 11:56	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Sóley Björk Stefánsdóttir Pröstur Friðfinnsson, áheyrnarfulltrúi, í fjarfundi	Þórhallur Jónsson	
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson, forstjóri Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs		

Dagskrá fundar:

- 1. Fjárfestingaráætlun 2025 - 2030**
- 2. Mannaflapörf 2025 - 2027**
- 3. Fjárhagsáætlun 2025**
- 4. Önnur mál**

1. Fjárfestingaráætlun 2025 - 2030

Sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs fór yfir fjárfestingaáætlun 2025 - 2030.

Líkt og undanfarin ár ber áætlun næsta árs þess merki að mikil þensla er og hefur verið í húsbýggingum og þarf að fjárfesta í veitukerfum í nýjum hverfum, bæði á Akureyri og í nágretta sveitarfélögum. Einnig hefur þessi þensla þau áhrif að þörfin fyrir heitt vatn hefur aukist mikið og mun halda áfram að aukast. Þess má geta að þörf fyrir heitt vatn eykst hraðar en fólksfjöldi.

Gert er ráð fyrir því að boraðar verði og virkjaðar vinnsluholur í Ólafsfirði og í Ytri Haga á næsta ári. Kostnaður vegna borunar og virkjunar jarðvarma ásamt jarðhitarannsóknnum er áætlaður tæplega 800 milljónir á árinu 2025, en aðveita, dælustöð o.fl. á Ytri Haga, áætlað samtals ríflega 1.500 milljónir, dreifast á næstu tvö ár þar á eftir.

Áætlað er að fjárfestingar ársins 2025 verði um 1.815 milljónir króna. Um 60% áætlaðra fjárfestinga 2025 er vegna hitaveitu, 7% vegna vatnsveitu, 11% vegna rafveitu og 13% vegna fráveitu. Gert er ráð fyrir því að fjárfestingar muni fara lækkandi á næstu árum og verði á bilinu 1.100 - 1.700 milljónir á ári til ársins 2030. Rúmlega 33% áætlaðra fjárfestinga og framkvæmda Norðurorku 2025 eru vegna framkvæmda annarra t.d. vegna framkvæmda sveitarfélaga.

Við gerð fjárfestingaráætlunar hefur verið lögð áhersla á það að færa til verkefni til að "fletja út" fjárfestingarþörfina yfir lengri tíma. Mikilvægt er að létta á fjárfestingum eftir fremsta megni til að draga úr lánsfjárbörf enda vaxtaumhverfið óhagstætt um þessar mundir.

Sem fyrr er fjárfestingarþörf, önnur en rannsóknir og virkjun á jarðvarma, fyrst og fremst í nýjum hverfum ásamt snjallvæðingu mælakerfis sem býður upp á ýmsa möguleika í bættri nýtingu á kerfum í hita- og rafveitu.

Stjórn samþykkir fjárfestingaáætlunina.

2. Mannaflapörf 2025 - 2027

Forstjóri fór yfir mannaflapörf næstu ára.

Á síðasta ári var, að gefnu tilefni, ráðist í greiningu á miklu og vaxandi álagi á hluta starfsfólks vegna aukinna verkefna og flóknara umhverfis í starfsemi Norðurorku. Fjallað var um málið á 290. fundi í tengslum við mönnunaráætlun. Þar kom fram það mat forstjóra að bregðast þyrfti við til að snúa við vondri þróun. Var ráðgjafi fenginn til að leggja mat á stöðuna og leiðir til úrbóta. Í minnisblaði ráðgjafans til forstjóra kemur m.a. fram: *"Það er ljóst að það er rík þörf á að ráðast í breytingar sem allra fyrst til þess að bregðast við viðvarandi álagi í starfsumhverfi Norðurorku. Ef ekkert verður að gert er líklegt að ákveðið starfsfólk neyðist til þess að fara í veikindaleyfi og aðrir gætu fylgt fast í kjölfarið."* Einnig segir í minnisblaðinu: *"Mikilvægt sé að samhliða því sé unnið í því að bæta við stöðugildum þar sem þörf er á með það að markmiði að jafna álag og verkefni í stjórnenda hópnum sem leiðir til betri líðan starfsfólks og breyttrar menningar."*

Greining sú sem hér um ræðir er grunnurinn að því að Norðurorka lagði fram á síðasta ári þriggja ára mönnunaráætlun og aftur nú í ár.

Umfangsmiklar og krefjandi framkvæmdir á starfssvæði Norðurorku kalla á aukinn mannafla í verkefnastjórnun framkvæmdaverkefna. Einnig eru umfangsmiklar framkvæmdir í gangi varðandi öflun á heitu vatni og fara þær framkvæmdir vaxandi á næstu árum. Þar að auki er nauðsynlegt að bregðast við stóruáskorunum í net- og upplýsingaöryggismálum. Innviðafyrirtæki eins og Norðurorka er eftirsóknarvert skotmark netglæpa og er því nauðsynlegt og brýnt að hafa net- og upplýsingaöryggi eins öflugt og mögulegt er.

Mannaflaáætlun fyrir yfirstandandi ár gerði ráð fyrir að ráðið yrði í 7 stöður en ráðið var í 5 af þeim stöðum. Var ráðningu í starf öryggis- og umhverfisstjóra og eins verkefnastjóra framkvæmdaverkefna frestað í hagræðingarskyni og til að endurmeta stöðuna.

Á næsta ári er gert ráð fyrir því að ráða þurfi í 7 stöður, 6,5 stöðugildi, þ.m.t. þær tvær ráðingar sem frestað var á yfirstandandi ári. Um er að ræða aukningu um tvær stöður frá mönnunaráætlun sem sett var fram í launaáætlun fyrir árið 2024. Almennt er ekki um kostnaðaraukningu að ræða, t.d. er að því stefnt að ráða í verkefni sem hefur verið keypt í verktöku en ekki gengið vel og í flestum öðrum tilvikum fer út kostnaður á móti.

Stjórn samþykkir áætlun um mönnun 2025.

3. Fjárhagsáætlun 2025

Fjármálastjóri kynnti fjárhagsáætlun Norðurorku hf.

Tekjur móðurfélags taka mið af samþykktum verðskrárhækkunum og rekstrargjöld hækka almennt um áætlaða vísitölu NO, 5,2%. Laun hækka um 4,5% í samræmi við spá Seðlabanka Íslands um launaþróun. Gert er ráð fyrir 4,2% verðbólgu í fjármagnsliðum í samræmi við spá Seðlabankans. Rekstrartekjur eru áætlaðar 5.472 m.kr., rekstrargjöld 3.079 m.kr., og EBITDA því 2.393 m.kr. Afskriftir eru áætlaðar 750 m.kr., fjármagnsliðir 561 m.kr., jákvæð áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaganna 172 m.kr. og skattar 151 m.kr. Rekstrarafkoma móðurfélagsins er áætluð 1.102 m.kr.

Hagnaður Fallorku ehf. er áætlaður 133 m.kr. en gert er ráð fyrir að hagnaður verði 1.102 m.kr. hjá samstæðunni.

Árið 2025 er gert ráð fyrir 1.815 m.kr. í fjárfestingar og eru fjárfestingar áranna 2025-2028 áætlaðar 6.303 m.kr. Ljóst er að þörf er fyrir lántökum til að mæta fjárfestingum og er áætluð lántaka 2025 að fjárhæð 300 m.kr. og samtals 400 m.kr. á árunum 2025-2028. Í áætlun 2026-2028 er gert ráð fyrir að tekjur og gjöld fylgi verðlagsbreytingum skv. verðbólguþá Seðlabanka Íslands.

Á fundinum var farið yfir fjárfestingaáætlun, rekstraráætlun, minnisblað um fjárhagsáætlunina, fjögurra ára áætlun á samstæðugrunni og ýmis ítargögn.

Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður á árinu 2025.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun Norðurorku 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028.

Verðskrá veitna

Grunnur til útreikninga á breytingu á verðskrárkomandi árs er reiknaður þannig að annars vegar er ársreikningur liðins árs brotinn niður og vægi rekstrarkostnaðar tengdur vísitölum. Með þessu sjást áhrif vísitölubreytinga á rekstrarkostnað Norðurorku. Hins vegar er horft til verðbólguþá Seðlabanka Íslands fyrir komandi ár. Vísitala Norðurorku liðna 12 mánuði er nú reiknuð 6,1% og verðbólguþá Seðlabankans fyrir 2025 er 4,2%. Þessar vísitölur, vegnar saman til helminga eru 5,2% sem myndar grunn fjárhagsáætlunar 2025. Nú sem fyrr er einnig horft til rekstrar og áhrifa stórra verkefna sem Norðurorka vinnur að.

Fráveita:

Í nokkur ár hefur Norðurorka framkvæmt virðispróf á veitum fyrirtækisins. Fráveitan hefur komið neikvætt út, þ.e. að tekjur standa ekki undir eignum veitunnar. Brýnt er að gera ráðstafanir til að snúa því við. Eins og staðan er í dag þyrfti gjaldskrá fráveitunnar að hækka um 20% til að ná því marki að standast virðispróf. Stjórn telur rétt að taka það í hæfilegum skrefum og fara ekki alla leið nú. En það liggur fyrir, miðað við ofangreint, að verðskrá fráveitunnar mun einnig þurfa að hækka umfram verðlag á árinu 2026 til að veitan standi undir sér.

Samþykkt að hækka verðskrá fráveitu um 11,2%

Vatnsveita:

Rekstur vatnsveitu er í jafnvægi, tekjur standa undir rekstri og veitan stenst virðispróf. Þrátt fyrir áætlaðar umtalsverðar framkvæmdir á næsta ári er gert ráð fyrir að nýjar tekjur muni duga til að mæta þeim kostnaði til lengri tíma.

Samþykkt að hækka verðskrá vatnsveitu um 5,2%

Rafveita:

Magn dreifðrar orku í rafveitunni hefur lítið breyst í mörg ár þrátt fyrir fjölgun íbúða og af þeim sökum hafa tekjur ekki vaxið í samræmi við aukið umfang veitukerfisins. Tekjur í rafveitu hafa í nokkur ár verið vanteknar, þ.e. talsvert hefur vantað upp á það að tekjumörk séu nýtt til fulls og mikilvægt er að nálgast þau tekjumörk sem rafveitu eru sett. Rafveita er önnur tveggja veitna Norðurorku sem ekki stenst virðispróf. Það, ásamt því að enn vantar talsvert upp á það að tekjumörk séu nýtt, veldur því að hækka þarf rafveitu umfram verðlagsþróun.

Samþykkt að hækka verðskrá rafveitu um 9,2%

Hitaveita:

Fyrir liggur að óhjákvæmilegt er að ráðast í mjög kostnaðarsamar fjárfestingar og framkvæmdir á næstu árum til að svara hratt vaxandi þörf fyrir heitt vatn. Einnig standa yfir umfangsmiklar rannsóknir á starfssvæðinu sem munu halda áfram næstu ár. Framkvæmdaáætlun hitaveitu gerir ráð fyrir 1.088 milljónum króna í fjárfestingar 2025, samtals ríflega 3,6 milljarðar í fjárfestingum næstu fjögur ár. Fjárfestingar í hitaveitu eru u.þ.b. 60% af fjárfestingum næsta árs. Nauðsynlegt er að hækka hitaveituna umfram verðlagsþróun til þess að mæta þessum miklu framkvæmdum og fjárfestingum.

Samþykkt að hækka verðskrá hitaveitu um 7,5%

Styrkir og samfélagsþróun.

Norðurorka hefur veitt styrki til margvíslegra verkefna og málefna undanfarin ár. Heildarfjárhæð styrkja var 63,3 milljónir króna á yfirstandandi ári. Fyrir liggur að reksturinn er og verður þungur næstu ár vegna kostnaðarsamra framkvæmda, m.a. vegna öflunar á heitu vatni og mikilla framkvæmda á starfssvæði Norðurorku. Með því að lækka fjárhæðir styrkja verulega er hægt að draga úr gjaldskrárhækkunum sem því nemur.

Meirihluti stjórnar, Hlynur Jóhannsson, Geir Kristinn Aðalsteinsson og Sóley Björk Stefánsdóttir, samþykkir að ekki verði veittur styrkur til samfélagsverkefnisins Vistorku á árinu 2025.

Hilda Jana Gísladóttir greiddi atkvæði gegn ofangreindri afgreiðslu og óskaði eftir að bóka eftirfarandi: „Félagið Vistorka ehf. er í 100% eigu Norðurorku og því er ekki aðeins um að ræða styrk til samfélagsverkefnis heldur hluta af fjármögnun til félags í eigu Norðurorku. Það er óeðlilegt að stjórn Norðurorku taki þessa ákvörðun með svo skömmum fyrirvara, án samtals við stjórn Vistorku um framtíð félagsins eða skuldbindingar. Ekki liggur fyrir í hvaða farveg verkefni Vistorku eiga að fara í kjölfarið, né hvort eða hvaða skuldbindingar Vistorka hefur á næsta rekstrarári.“

Stjórn samþykkir að lækka aðra styrki verulega, bakhjarlastyrkir lækka úr 7 m.kr. í 5 m.kr., samfélagsstyrkir lækka úr 10 m.kr. í 5 m.kr., stjórnarstyrkir lækka úr 10 m.kr. í 5 m.kr. og stjórnendastyrkir lækka úr 3 m.kr. í 1,5 m.kr.

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið og Landsvirkjun hafa aukið fjármagn í samfélagsverkefnið Eim sem hefur vaxið að afli og umfangi. Eimur vinnur að mikilvægum verkefnum fyrir samfélagið og hefur aflað umtalsverðra fjárhagslegra styrkja inn á starfssvæðið til að styðja við þau verkefni.

Stjórn samþykkir að halda áfram óbreyttum styrk til Eims, 15 m.kr. 2025.

Samanlögð samþykkt lækkun styrkja nemur 31,8 m.kr.

4. Önnur mál

a) Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 skal stjórn samþykkja starfskjarastefnu varðandi laun til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmenn þess.

Það á m.a. við um félög sem fara fram úr tveimur af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð:

- Eignir nema 200 milljónum króna
- Rekstrartekjur nema 400 milljónum króna
- Fjöldi ársverka á reikningsári er 50

Eignir Norðurorku eru yfir 16 milljarðar og fjöldi ársverka yfir 50.

Af því leiðir að setja ber starfskjarastefnu fyrir félagið. Stjórn getur skipað starfskjaranefnd sem annast gerð starfskjarastefnu en ef slík nefnd er ekki skipuð er það hlutverk stjórnar að útbúa starfskjarastefnu félagsins.

Stjórn felur forstjóra að afla upplýsinga og undirbúa vinnu við gerð starfskjarastefnu.

b) Mikilvægt er að stjórn setji sér starfsáætlun fyrir komandi starfsár. Er það gagnlegt fyrir margra hluta sakir en einnig er gerð starfsáætlunar stjórnar í samræmi við góða stjórnarhætti.

Stjórn felur forstjóra að gera drög að starfsáætlun fyrir næsta ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:56